



Sturla GK 12

Mál nr.: 2024-060-S-026

Dagsetning: 24. október 2024

Staðsetning: Fyrir utan höfnina á Djúpavogi

Atvik: Skip tók niðri á grynningum

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og tvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 24. október 2024 var Sturla á leið inn til hafnar á Djúpavogi. Við síðustu baujuna í innsiglingunni tók skipið niðri á grynningum en festist ekki og var því síðan lagt að bryggju hjálparlaust. Veður: Heiðskírt og N 8-10 m/sek.

1. Helstu staðreyndir

Skipaskrár. nr. 2444

Útgerð: Þorbjörn hf.

Smíðaður: 2007

Stærð: 486 BT

Mesta lengd: 28,93 m

Skráð lengd: 25,69 m

Breidd: 10,39 m

Vél: YANMAR, 514 kW

Fjöldi skipverja: 14



2. Atvikalýsing

Þann 24. október var Sturla á leið inn til Djúpavogs til löndunar. Veður var heiðskýrt og N 8-10 m/sek.

Mikil sól byrgði skipstjóranum sýn þannig að hann átti erfitt með að sjá á stjórnþæki í brú. Hann sá fyrstu baujurnar í innsiglingunni en þar sem síðasta baujan var mun minni en hinar sá skipstjórinn hana ekki fyrr en hún straukst við bakborðshlið skipsins. Skömmu síðar tók skipið niðri á klöpp sem var fyrir innan baujuna en ekki meira en svo að skipið stöðvaðist ekki. Var skipinu lagt að bryggju hjálparlaust.

Kafari var fenginn til að kanna ástand skipsins og kom í ljós að botninn var óskemmdur fyrir utan nokkrar rispur á kili.

3. Nefndarálit

Ástæða þess að skipið tók niðri var að því var siglt öfugu megin við innsiglingabauju.

Lokaskýrsla samþykkt á fundi 25. janúar 2025.

Pálmi Jónsson

Hjörtur Emilsson

Jón Finnbjörnsson

Guðmundur Freyr Úlfarsson

